

**Lestrarfélag Eyrarsveitar**  
**Lestrarfélag U.M.F. Grundfirðinga**  
**Bókasafn U.M.F. Grundfirðinga**  
**Bókasafn Grundarfjarðar**

**Lestrarfélag Eyrarsveitar**



Séð frá Kirkjufellsá til miðhluta sveitarinnar og þéttbýlisins Grundarfjarðar. Ljsm. SuN.

## **Upphafið**

Árið 1923 gengust framfarasinnaðir menn í Eyrarsveit fyrir stofnun bókasafns hér í sveitinni. Þar voru fjölmennust plássin á Kvíabryggju og í Bár, Eyrarpláss og Vatnabúðaplássið. Kaupstaður hafði þá nokkrum árum fyrr færst frá Grundarkampi út í Nes þar sem þéttbýli myndaðist smámsaman og nefndist Grafarnes.

Þeir bræður Gunnar og Karl Kristjánssynir á Grund og Runólfur Jónatansson á Spjör unnu meðal annarra að stofnun lestrarfélagsins en þau voru þá sem óðast að spretta upp út um allt land. Borgarbókasafnið var t.d. stofnað þetta sama ár.



Grund um 1970. Ljsm. Bæring Cecilsson; BC.

Frá upphafi var bókakosturinn staðsettur á heimili þess sem sá um það hverju sinni.

Ungmennafélag Grundarfjarðar tók við því eftir stofnun þess en það var stofnað 1933.



Kaupfélag Grundfirðinga og Neshúsin t.h. upp úr 1962. Ljsm. BC.

Þegar Runólfur fluttist frá Spjör settist hann að í Neshúsum í Grafarnesi. Á heimili hans og konu hans Sesselju Gísladóttur var bókasafnið starfrækt fyrstu árin og seinna í Götuhúsi sem stóð á Grundargötu 16.

## Stækkandi bær



Samkomuhús Grundarfjarðar um 1946. Ljsm. BC.

Í Eyrarsveit var farskóli eins og víðast í dreifðum byggðum landsins. Íbúar í plássunum kringum Grundarfjörð fluttu sig um set til stækkandi þéttbýlis í Grafarnesi og börnunum fjölgaði þar. Ungmennafélagið og Eyrarsveit urðu ásátt um að byggja Samkomuhús með aðstöðu fyrir skólahald og samkomusal með aðkomu Kvenfélagsins Gleym mér ei.

Sjö mánaða barnaskóli var lögfestur í Grafarnesi og kennsla hófst í nýju samkomu- og skólahúsnæði 1945. Lestrarfélagið var flutt í hið nýja húsnæði og var Elimar Tómasson þar skólastjóri og hafði umsjá með bókum Bókasafns Ungmennafélags Grundarfirðinga eins og það hét þá.

Upp úr 1960 var safnið flutt upp í nýbyggðan barnaskóla ofan við byggðina. Þá tók við ábyrgð þess Svavar Jónsson skólastjóri en Kristján Jónsson frá Eiði sá um starfsemina en hann var þá vigtarmaður hér í Nesinu. Helga Þóra Árnadóttir tók við bókasafninu 1965 vegna veikinda Kristjáns og var með það fram yfir 1970 þegar Guðlaug Pétursdóttir tók við bókasafninu. Í ljósi nýrra laga um almenningsbókasöfn er Lauga sú fyrsta sem fékk laun fyrir sína vinnu við bókasafnið.



Barnakór og Elimar Tómasson og sr. Magnús Guðmundsson í nýja skólahúsinu. Ljsm. BC.

Lög um almenningsbókasöfn, lög nr.42 voru samþykkt frá Alþingi 1955 og árið 1956 tók Eyrarsveit við rekstrinum og var það nefnt Bókasafn Eyrarsveitar eftir það. Þá fengu almenningsbókasöfn framlag frá Ríkinu og sveitarfélögum og enn var bætt í við endurskoðun laganna 1964. Næstu lög sem sett voru 1976 gerði sveitarfélögum skylt að kosta bókasöfnin og voru fjárframlög háð verðlagsbreytingum í fyrsta sinn. Þá var í þeim ákvæði um að ráða skyldi bókasafnsfræðinga til að veita bókasöfnum forstöðu, að jafnaði.

Árið 1969 var bókasafnið sett í kassa og flutt upp í kirkju sem þá var nýbyggð, vígð 1966. Þar var reynt að lána út bækur við þröngar aðstæður inn af skrifstofu prestsins. Helga Þóra var þar í sjálfboðavinnu eins og áður. Engin bókasafnsnefnd hafði verið kosin frá upphafi, safnverði til ráðuneytis og aðstoðar fyrr en 1975 en þá voru allar bækur komnar niður í kassa ári fyrr og geymdar uppi á kirkjulofti.



Grunnur að viðbyggingu barnaskólan sem tekin var í notkun 1978. Ljasm. BC.



Bókasafnið eftir 1984. Ljasm. Sunna Njálisdóttir: SuN.

Það tók þrjú ár að byggja upp bókakost safnsins með fulltingi skólafólks og bókasafnsnefndar og koma myndarlega fyrir í miðrými nýrrar viðbyggingar skólahússins og var það opnað þann 6. nóvember 1978. Bókasafnsnefnd, Helga Þóra, Guðlaug Pétursdóttir og Ástþór Ragnarsson unnu á safninu þann vetur og var það opið tvisvar í viku, einn og hálfan tíma í senn.

## Eldur


Það var mikið áfall fyrir alla sem að safninu höfðu komið og sérstaklega Helgu Þóru sem hafði unnið svo lengi við slæmar aðstæður í mörg ár að bókasafnið eyðilagðist í eldi 14. maí árið 1979. Þá skemmdist einnig nýstofnaður leikskóli Rauða Krossins og öll stjórnunar- og vinnuaðstaða kennara. Næstu tvö ár fór fram uppbygging safnsins með stuðningi fyrirtækja í þorpinu og ríflegu framlagi frá Eyrarsveit. Skólastjórinn sem þá var Jón Egill Egilsson gekk í uppbygginguna af krafti ásamt bókasafnsnefnd. Gjafir bárust þá víða að.

## Uppbygging



Jól í bókasafninu 1984 eða 1985. Ljsm. Súsanna Flygenring.

Árið 1984 kom til starfa bókasafnsfræðingur, Súsanna Flygenring og skráði hún allt safnið og var langt komin með skólabókasafnið þegar hún flutti sig til Reykjavíkur aftur, tveimur árum seinna. Gott aðgengi að bókakosti almennings- og skólabókasafns einfaldaði mjög þjónustu við notendur safnanna og skólabókasafn Grunnskólans var orðið eitt af þeim best búnu á Vesturlandi. Haustið 1986 var Sunna Njálisdóttir ráðin til starfa við almenningsbókasafnið en starfsfólk grunnskólans sá um skólabókasafnið.



Borgarbraut 18. Spjaldskrárskápur. Ljsm. SuN.

Bókafulltrúi Ríkisins frá setningu laganna um almenningsbókasöfn frá 1955 var Guðmundur G Hagalín og beitti hann sér fyrir því að gefnar voru út leiðbeiningar um skipulag, skráningu og störf á bókasöfnum. Voru fréttabréf send út til bókasafna nokkrum sinnum á ári. Mikil gerjun var meðal bókasafnafólks á höfuðborgarsvæðinu að þróa vinnuaðferðir til að skrá og skipuleggja bókakost og kom loks að því að hægt var að kaupa skráningarsett fyrir nýútkomnar bækur.

Leiðbeiningabæklingar voru sendir út til bókasafna og var mikil bót að þeim. Gefið var út námsefni í vinnu á bókasöfnum sem boðið var upp á í bréfaskólaformi.

Smám saman fór að þrengjast um söfnin þar sem þau voru í sama húsnæði í miðrymi nýja skólans. Byrjað var að setja bækur í kassa og flytja í geymslu um 1988 og voru þar á tímabili um 2000 bindi af um 7.000 bókum almenningsbókasafnsins. Bókasafnsstjórn leitaðist við að koma safninu á stærri og hentugri stað nær miðju þorpsins en fjárhagur sveitarfélagsins leyfði það ekki. 1995 var ákveðið að safnið skyldi vera til húsa í Grunnskólanum ásamt skólabókasafni þrátt fyrir þrengslin.



Á efri hillum í skólastofu fjölgaði sífellt kössum með geymslubókum. Ljsm. SuN.

Enn fjölgaði nemendum og í apríl 1998 var Bókasafn Eyrarsveitar flutt að Borgarbraut 18, Fögruvöllum, þar sem Ingjaldur og Guðrún áttu heima allan sinn búskap, en þá hófust framkvæmdir við stækkun skólans.



Góður andi var í húsi Gunnu og Gjalda. Afgreiðslan var í eldhúsinu. Ljsm. SuN.



Ekki varð úr að safnið flytti aftur inn í grunnskólann vegna sívaxandi fjölgunar nemenda. Var ákveðið að byggja yfir gamla vélsmiðju Bærings Cecilssonar sem hann byggði á 7. áratugnum að Borgarbraut 16 og í lok maí 2001 flutti safnið inn á efri hæðina og Dreifnám Grundarfjarðar um haustið. Á neðri hæð er aðsetur Slökkviliðs Grundarfjarðar og áhaldahúss sveitarinnar. Nemendur sóttu dreifnámið þar til Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók til starfa haustið 2004. Eldri borgarar tóku síðan við aðstöðunni fyrir sitt félagsstarf.



Aðstaða í dreifnámsverinu í Smiðjunni að Borgarbraut 16. Ljsm. SuN.

## Tölvuvæðing og flutningar

Árið 1999 var bókasafnið tölvuvætt og tengt Internetinu og bókaskrárkerfinu Feng sem var meðal annars notað af grunnskólum Reykjavíkurborgar og Borgarbókasafninu. Árið 2003 tók svo við nýtt kerfi, Aleph 500, sem þjónaði flestum bókasöfnum landsins og hélt nafninu Gegnir sem var eldra kerfi hjá Landsbókasafni Íslands. Það varð strax aðgengilegt á Netinu og þar mátti finna flestar bækur og tímarit sem voru í eigu allra tegunda bókasafna á Íslandi. Með því opnaðist leið til að sjá í fljótu bragði hvað var til í hillunum og auðveldaði það öll útlán og millisafnalán. Það nýttu sér vel starfsfólk grunnskóla, leikskóla, Dvalarheimilisins og aðrir nemendur sem voru í fjarnámi næsta áratuginn, í sínum starfsgreinum.

Á svipuðum tíma var vefurinn Tímarit.is opnaður og veitir hann aðgang að tímaritum sem hafa verið gefin út á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Þessar tæni framfarir gerðu spjaldskrárnar að lokum óþarfar en þær voru áður ómissandi hjálpargagn í vinnu á bókasöfnum. Landsaðgangur að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum hér heima og erlendis var stofnaður um þetta leyti og er leitarbær á Leitir.is.

Skólabókasafnið leið fyrir þrengsli í grunnskólanum og var að lokum gripið til þess ráðs að deila bókakosti niður á kennslustofur eftir námsgreinum og voru yndislestrarbækur að mestu fluttar út í nýja bókasafnið. Í nokkur ár sóttu nemendur tíma í nýja bókasafninu hinum megin við götuna með starfsmanni skólabókasafnsins, Salbjörgu Nóadóttur. Þegar nemendum fækkaði nokkrum árum seinna var bókakostur skólans sameinaður í sérstöku bókasafni og fékk aftur þann sess að vera með betur búnu skólabókasöfnum á Vesturlandi.

Árin 2001-2004 stundaði forstöðukona bókasafnsins, Sunna Njálisdóttir, nám í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands og Guðbjörg Hringsdóttir sótti nám í bókasafnstækni sem boðið var upp á í Borgarholtsskóla.



Smíðjan að Borgarbraut 16 var tekin í notkun í maí 2001. Ljsm. SuN.

## Stærsta setustofan í bænum

Aðstaðan í bókasafninu á efri hæðinni á Borgarbraut 16 var rúmgóð, vítt til veggja og falletgt útsýni yfir bæinn. Eins og áður voru bækurnar í aðalhlutverki og boðið upp á aðstöðu til lestrar á safninu með lesborðum og kaffikrók þar sem hægt var að kíkja í tímarit. Til viðbótar var boðið upp á Internet- og tölvuaðgang t.d. ritvinnslu meðan tölvur voru ekki á hverju heimili eins og síðar varð.





Listaverk í barnadeildinni gerði Helga Soffía Gunnarsdóttir. Ljsm. SuN.



Salbjörg Nóadóttir með elstu börnum leikskólans. Ljsm. SuN.

Börn á lokaári í Leikskólanum Sólvöllum komu vikulega hluta úr vetrinum og lærðu að umgangast bækur og nota aðstöðuna í huggulegri barnadeild skreyttri trjágróðri og fiðrildum.

## Sögumiðstöðin í Grundarfirði



Staðsetning bókasafns í miðbæ leiðir alltaf til fleiri heimsóna íbúa. Ljsm. SuN.

Árið 2013 var rekstri Sögumiðstöðvar breytt og bókasafnið flutt þangað, í salinn sem áður hýsti sýningar um mannlíf í nýju þéttbýli á 20. öld. Með því var hægt að hafa húsið opið með starfsemi yfir veturinn og veita aðgang að þeim sýningum sem enn stóðu uppi; Baturinn Brana, Þórðarbúð og Bæringsstofa, ljósmyndasafn Bærings Cecilssonar. Upplýsingamiðstöð sem var starfrækt á sumrin með sumarkaffihúsinu fékk sífellt meira vægi í starfseminni í Sögumiðstöðinni og náði að lokum til flestra mánaða ársins eftir því sem ferðafólki fjölgaði. Þrjú ár í röð fjölgaði gestum upplýsingamiðstöðvarinnar um 25-35% á sama tíma sem aðsókn að bókasafninu minnkaði hægt og rólega. Tækni- og samfélagsbreytingar hafa gert það að verkum að yndislestur hefur að mestu flust yfir í rafræn gagnasöfn og aðgangur að náms- og ítarefni er rafrænn í sífellt meira mæli.



Tilraun með sýnishorn af matjurtaræktun undir ljósi rann út í sandinn þegar öllu var lokað vegna farsóttar í mars 2021. Til hægri eru leikfangabásar framan við Þórðarbúð. Ljsm. SuN.

Þetta varð enn betur ljóst þegar Covid-19 faraldurinn skall á í ársbyrjun 2020. Breytingar voru gerðar á notkun og aðstöðu í húsnæðinu 2020-2021 og frekari breytingar eru í farvatninu. Breytt aðstaða og þörfin fyrir aukið félagslíf og samveru, eftir Covid-tímann, ýtti undir aukna notkun hússins og haustið 2021 færðu Félag eldri borgara í Grundarfirði og fleiri félagasamtök og hópar starfsemi sína í húsið.

Umfang upplýsingagjafar hefur aukist til ferðamanna yfir sumartímann eftir að Covid létti og ferðamenn tóku aftur að streyma í bæinn, bæði af skemmtiferðaskipum og landleiðina. Tölur sýna þó að upplýsingagjöf og þjónusta við ferðafólk hefur minnkað samhliða því að starfsemi hefur vaxið hjá Gestastofu Svæðisgarðsins á Breiðabliki og nú á þessu ári, 2023, með tilkomu nýrrar þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi.

Á 100 ára afmælisári Bókasafns Grundarfjarðar væri kjörið að hugsa enn frekar hvernig bæta megi aðstöðu bókasafnsins og þjónustu þess við íbúana, þannig að þeir líti á safnið sem huggulegan viðkomustað á leið sinni um bæinn og ekki síst, að það laði að sér fjölskyldur með börnin sín.



Barnaeildin t.v. Hluti af bókakosti safnsins er í vesturhluta Sögumiðstöðvar. Ljsm. SuN.



Barnaeildin. Ljsm. SuN.



Geymslur bókasafnsins að Grundargötu 30. Ljsm. SuN.

## Skólabókasafnið í Grundó

Skólabókasafnið í Grundarfirði (Grundó) er líflegt þessi árin. Lestrarkeppnir og rally, leikir og lestur gera heimsókn á bókasafnið til Lilju Magg skemmtilega.

Sjá meira á <https://www.facebook.com/grundobokasafn/>.



Bókaverðlaun barnanna – Veggspjald með árlegri kosningu. – Lestrarhjólið.

Ljsm. Facebook Skólabókasafnsins í Grundó.





Kósíhorn á skólabókasafninu. Ljsm. Facebook Skólabókasafnsins í Grundó.

Skólabókasafnið er á neðri hæð grunnskólans, beint á móti miðrýminu sem áður hýsti bæði bókasöfnin. Umsjónarkona skólabókasafnsins frá 2015 er Guðrún Lilja Magnúsdóttir, bókmenntarýnir.



Almenningsbókasafnið er til húsa í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði að Grundargötu 35. Forstöðumaður frá 1986-2023 er Sunna Njálisdóttir, bókasafns-og upplýsingafræðingur.

Rauður þráður í reglum og skilgreiningum á almenningubókasöfnum er jöfnun tækifæra án tillits til eiginleika manneskjunnar.

Í Bókasafnalögum nr. 150 frá 2012 segir svo:

6. gr. Markmið og hlutverk.

„Bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Sameiginlegt markmið bókasafna, sem undir lög þessi falla, er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi.

Hlutverk bókasafna er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Áhersla skal lögð á að safnkostur bókasafna endurspegli sem flest sjónarmið.“

Í Yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (Unesco) um Almenningsbókasöfn segir:

„Almenningsbókasafn er hlið til þekkingar á hverjum stað. Það skapar frumskilyrði til ævimenntunar, sjálfstæðrar ákvarðanatöku og menningarþroska einstaklinga og þjóðfélagshópa“.

Upplýsing- Félag bókasafns- og upplýsingafræða. Sjá 26.09.2023:

<https://upplysing.is/bokasafnsdagurinn2017/>.

Ég þakka öllum þeim sem lögðu til upplýsingar og aðstoð við ritun sögu bókasafnsins.

***Allar ábendingar um söguna eru vel þegnar og það látið standa sem sannara reynist.***

Grundarfirði 28. september 2023.

Sunna Njálisdóttir.



#### Heimildaskrá

Gunnar Kristjánsson (2002). Skólahald og barnafræðsla í Eyrarsveit. Í: Fólkið Fjöllin Fjörðurinn. Safn til sögu Eyrarsveitar. Eyrbyggjar Hollvinasamtök Grundarfjarðar.

Gylfi Þ. Gíslason. Almenningsbókasöfn. Alþýðublaðið, 30.03.1963; 75.tbl., s. 9. Sjá 23.09.2023:

<https://timarit.is/page/2257068?iabr=on>

Þjónustumiðstöð bókasafna. Sjá 25.09.2023: <https://thmb.is/sagan/>

#### Munnleg heimild:

Guðlaug Erla Pétursdóttir Grundarfirði

Gunnar Kristjánsson Grundarfirði

Helga Soffía Gunnarsdóttir Suður-Bár

Margrét Hjálmarsdóttir Grundarfirði

Rut Elimarsdóttir Reykjavík

Runólfur Guðmundsson

Súsanna Flygenring Reykjavík.